

**Nd.**

**230. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir lítillaga rætt um þetta mál, og vill meiri hl., þeir BJ, HV og StJSt, fella frv., en minni hl., GÐ og TT, leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Minni hl. hefir fengið svo hljóðandi umsögn frá háskólaráði:

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

háskólaráðið.

Reykjavík, 18. marz 1935.

Alþingismenn Thor Thors og Garðar Þorsteinsson.

Frumvarp um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands, sem þér í bréfi, dags. 16. þ. m., hafið óskað umsagnar háskólaráðsins um, var í dag lagt fyrir fund í háskólaráðinu.

Svo hljóðandi ályktun var gerð af meira hluta háskólaráðs:

Meiri hluti háskólaráðs hefir þegar lýst yfir fylgi sínu við frv. skipulagsnefndar um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og þar sem telja má vist, að frumvarp það verði samþykkt á núverandi Alþingi, vill háskólaráðið ekki taka afstöðu til frv. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við háskólann, enda þótt háskólaráðið hefði gjarnan viljað hafa frá öndverðu frekara samband milli háskólans og rannsóknarstofnunarinnar en frv. skipulagsnefndar gerir ráð fyrir.

Minni hluti háskólaráðs gerði svofellda ályktun:

Þar sem meiri hluti háskólaráðsins hefir neitað að bera umrætt frumvarp undir deildir háskólans, þá lýsir minni hlutinn þegar þeirri skoðun sinni, að frv. til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands sé í fullu samræmi við frumkröfur háskólans og mælir því eindregið með samþykkt þess.

*Pétur Sigurðsson*

f. h. rektors háskólans.

Þessi svör bera það með sér, að raunverulega æskir allt háskólaráðið þess, að okkar frv. verði samþykkt, því að einmitt það felur í sér „frekara samband milli háskólans og rannsóknarstofnunarinnar“.

Til frekari sönnunar þess, að háskólamenn eru eindregið fylgjandi frv. okkar, skal þess getið, að á mjög fjölmennum fundi kennara og stúdenta Háskólans var svo hljóðandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„Almennur stúdentafundur, haldinn á Garði mánud. 18. marz 1935, skorar á háskólaráð að nota rétt þann, er það hefir með bréfi til kennslumálaráðherra 4. marz 1935 áskilið sér til breytinga á frumvarpi til laga um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, á þann hátt, sem hér segir: Hin fyrirhugaða rannsóknarstofnun verði jafnframt regluleg kennsludeild í þessum fræðum við háskólann. Séu forstöðumenn hennar próffessorar, og fari um þá og aðra kennara eftir lögum nr. 24 1930, en kennsludeildin lúti háskólalögum, að því er viðkemur rétti hennar til að útskrifa kandidata, enda verði nánari ákvæði um það sett með reglugerð. Vilji hinsvegar Alþingi ekki fallast á þessar breytingar, krefst fundurinn þess, að háskólaráðið hlutist til um, að þeim tekjum, sem háskólinn hefir af happdrættinu, verði varið til háskólabyggingar, en ekki til fyrirtækja, sem raunverulega yrðu háskólanum alveg óviðkomandi“.

Af þessu má glögglega sjá, hverjar eru óskir háskólamanna í þessu efni.

Alþingi, 21. marz 1935.

Thor Thors,

Garðar Þorsteinsson.

frsm.